

Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 2. mars 2021
UST202102-325/Þ.V.B.
10.05.03

Efni: Umsögn – Brúar- og stígagerð yfir Varmá - Mosfellsbær

Umhverfisstofnun hefur mótttekið beiðni Mosfellsbæjar, dags. 18. febrúar 2021, um umsögn vegna framkvæmda innan svæðis nr. 139. á náttúruminjaskrá, Varmá.

Varmá er á náttúruminjaskrá og ná mörk svæðisins yfir ána frá upptökum og til ósa. Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi. Skv. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal forðast að að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Til stendur að byggja brú yfir Varmá sem er liður í að breyta litlum útivistarstíg í aðalsamgöngustíg sem myndi tengja saman miðbæ Mosfellsbæjar og Leirvogstungu. Stígurinn yrði breikkaður í tvo 2,5 metra breiða stíga. Brúin yrði gerð úr timburverki en undirstöður verða staðsteyptar. Brúin yrði um 4,81 metra breið og 19,52 metra löng. Kort sem sýnir staðsetningu brúarinnar og teikningar sem sýna legu og hönnun stígsins, brúarinnar og undirstaða fylgdi með erindinu. Samhliða brúarframkvæmdunum verður Varmárræsi endurnýjað. Verkið felur í sér að grafinn verði allt að 5m djúpur og 220m langur skurður, leggja í hann Ø600 skólplögn, tengja í báðum endum og fjarlægja svo núverandi lagnir á þeim kafla. Ástæða þessara framkvæmda er að koma í veg fyrir að skólplögnin yrði yfirfyllist í leysingum og að það anni hámarks álagi. Gamla skólplögnin verður ekki rofin fyrr en ný lögn er komin niður til að lágmarka áhættu á því að skólplögnin leki í ána á meðan á framkvæmdum stendur. Kort sem sýnir legu ræsisins fylgdi með erindinu. Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt en skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er svæðið skilgreint sem útivistarsvæði og gert ráð fyrir stíg sem liggur yfir Varmá á þessum stað.

Í rökstuðningi Mosfellsbæjar fyrir leiðarvali stígsins og brúarstæði kemur fram að ekki sé mögulegt að nýta eldri brú yfir Varmá sem er neðar í ánni eða tengja göngustígakerfið við hana, bæði vegna staðsetningar hennar og hönnunar. Eldri brúin tengist inná íþróttasvæðið og tengist ekki göngustígakerfinu á góðan máta. Ekki væri æskilegt að reyna að tengja aukna umferð gangandi og hjólandi vegfarenda inná íþróttasvæðið og skólasvæðið, vegna ónæðis og slysaáttu. Gera má ráð fyrir því að ný stígurinn hafi í för með sér meiri og hraðari umferð en verið hefur, þar sem um að ræða samgöngustíg með aðskildum göngu- og hjólastíg. Til að geta nýtt eldri brú yfir Varmá þyrfti því að leggja nýjan samgöngustíg meðfram reiðstíg sem liggur á bökkum Varmár, með mun

meira raski en ef brúin færi yfir á þeim stað sem lagt er til í erindinu. Ný brú er hönnuð þannig að rask fyrir Varmá verður sem allra minnst. Brúin er sérsaklega löng og undirstöður því staðsettar talsvert langt frá árbakkanum beggja vegna þannig að rask vegna framkvæmda verður minna.

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir þeim mótvægisáðgerðum sem tilgreindar eru í þeim gögnum sem lögð voru fram með erindinu, vandað verði til við frágang á svæðinu og ekki notaðar ágengar tegundir eða tilbúin áburður innan marka náttúruminjasvæðisins. Stofnunin leggst ekki gegn því að farið verði í framkvæmdirnar.

Virðingarfyllt

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur